

AUGLÝSING

um heimild til hækkunar rafmagnsverðs.

Ráðuneytið hefur frá og með 1. apríl n. k. heimilað Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitu Hafnarfjarðar 10% hækkun á grunnjaldi raforku skv. núgildandi gjaldskrá þeirra.

Lönaðarráðuneytið 26. mars 1975.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUR

um skipun og störf prófdómara við skóla gagnfræðastigsins.

I. Skipun prófdómara.

1. Prófdómara við unglinga-, mið- og gagnfræðaskóla skal skipa til 2ja ára í senn.
2. Til starfsins skal velja menn, sem hafa sérþekkingu í þeirri grein eða greinum, sem þeir eiga að dæma. Skal þá miðað fyrst og fremst við það, að þeir hafi háskólapróf eða kennarapróf og kennslureynslu. Sé eigi völ á manni til starfsins, sem fullnægir þessum skilyrðum, er heimilt að víkja frá þeim.
3. Eigi skal að jafnaði skipa þann mann prófdómara við skóla, sem kennir við skólann.
4. Miða skal fjölda skipaðra prófdómara við það, að eigi komi fleiri en 400 úrlausnir á hvern prófdómara. Heimilt er þó að víkja frá þessu ákvæði, sé um að ræða mann, sem eigi gegnir öðru starfi, meðan á úrvinnslu prófa stendur.
5. Stjórnskipaðir prófdómarar skulu vera við eftirtalin próf:
 - a. Unglingapróf, í íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði.
 - b. Landspróf miðskóla, í öllum námsgreinum. Sama gildir um önnur miðskólapróf, séu þau lokapróf.
 - c. Gagnfræðapróf, í öllum greinum.
 - d. Próf úr framhaldsdeildum gagnfræðaskóla, í öllum greinum.

II. Störf prófdómara.

1. Prófdómari skal vera á prófstað. Þegar próf er tekið, nema sérstakur trúnaðarmaður sé í hans stað. Honum ber að rjúfa innsigli prófa, sem send eru frá menntamálaráðuneytinu, og fylgjast með framkvæmd þeirra og hlutast til um, að settum reglum um prófið sé fylgt.
2. Prófdómari skal ásamt kennara gefa einkunnir í munnlegum prófum. Að loknu skriflegu prófi tekur kennari við úrlausnum, leiðréttir þær og dæmir, en síðar prófdómari, og koma þeir sér saman um einkunn. Óski prófdómari hins vegar að fá prófúrlausnir strax að loknu prófi, skal sá háttur á hafður.

Einkunnir skulu síðan færðar á prófskýrslur eða í prófbók, og ber prófdómara að staðfesta með undirskrift sinni, að einkunnir séu rétt innfærðar.

3. Þegar um er að ræða próf, sem eigi eru samræmd á viðkomandi skólastigi, heldur samin á vegum skólans, ber prófdómara, áður en próf er lagt fyrir nemendur, að athuga prófverkefnið og samþykkja það.
4. Greiðslur til prófdómara fyrir störf þeirra skulu fara eftir gjaldskrá, sem menntamálaráðuneytið setur. Gjaldskráin miðast við tegund og gerð prófa, og skal ákveðinn verkefnafjöldi reiknaður í tímaeiningum.

Reglur þessar gilda fyrst um sinn þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið.

Í menntamálaráðuneytinu, 7. mars 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

17. mars 1975.

Nr. 62.

REGLUGERÐ

um orlof kennara og skólastjóra samkvæmt lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

1. gr.

Um orlofsumsókn.

Umsókn um orlof skal vera á eyðublaði, sem menntamálaráðuneytið lætur gera. Umsókn um orlof á næsta skólaári sendist ráðuneytinu fyrir 1. nóvember. Í umsókn skal taka fram eftirfarandi:

- a) Tilgreina skal menntastofnun og námsgrein eða námsgreinar þegar um er að ræða reglulegt nám. Sé um að ræða námsferð, þá á hvers vegum ferðin er farin, hvert fara skuli og í hvaða tilgangi.
- b) Hvort umsækjandi hefur sótt um eða fengið styrk til fararinnar frá öðrum en menntamálaráðuneytinu.
- c) Hvort umsækjandi hefur áður fengið orlof eða styrk frá menntamálaráðuneytinu eða fyrir milligöngu þess.
- d) Hvort umsækjandi hefur áður sótt um orlof, en ekki fengið.
- e) Aðrar upplýsingar, sem umsækjandi telur skipta máli.

2. gr.

Skilyrði fyrir veitingu orlofs.

Umsækjandi, sem æskir orlofs, skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum og skuldbindingum:

- a) Hafa gegnt kennaraembætti í 10 ár samtals, miðað við fullt starf, settur eða skipaður, til að fá orlof allt að einu ári með föstum embættislaunum.
- b) Hafa gegnt kennaraembætti í 5 ár samtals miðað við fullt starf, settur eða skipaður, til að fá 2—4 mánaða orlof með föstum embættislaunum.
- c) Sá sem gegnir eða hefur gegnt sem settur eða skipaður hlutastöðu, þá eigi minna en hálfu starfi, þann árafjölda sem tilskilinn er í a- og b-liðum (10 ár og 5 ár), á rétt á að sækja um orlof. Ef orlof er veitt verða launin á orlofstímanum í hlutfalli við starfstímalengd, annars vegar miðað við fullt starf í 10 ár (a-liður), hins vegar miðað við fullt starf í 5 ár (b-liður).
- d) Umsækjandi skuldbindur sig til að starfa að skólamálum eða kennslu á vegum ríkisins a. m. k. þrjú ár að orlofi loknu.
- e) Innan 6 mánaða frá því að orlofi lauk skal orlofsþegi senda menntamálaráðu-